

Miðvikudaginn 8. júní 1983.

Nr. 216/1981. **Höfn h/f**

(Guðmundur Malmquist hdl.)

gegn

Sveinbirni Árnasyni h/f

(Garðar Garðarsson hdl.).

Skip. Þinglýsing. Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, „að frumvarpi að úthlutunargerð í uppboðsandvirði m/b Særúnar, HF-60, framlagt 6. apríl 1977 verði breytt á þann veg, að eftirstöðvum uppboðsandvirðisins kr. 41.513,76 að greiddum kröfum tryggðum með sjóveðarétti og 1.—7. veðrétti verði úthlutað upp í kröfur áfrýjanda skv. 4 veðskuldabréfum, útg. 21. ágúst 1975 til handhafa samtals að fjárhæð kr. 116.160,00 (gkr. 11.616.600) tryggð með 8 veðrétti og uppfærslurétti í M/b Særúnu, HF-60.“ Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir dómstóla, deila aðiljar aðeins um það, hvor þeirra eigi að ganga fyrir um greiðslu af uppboðsandvirði m/b Særúnar, HF 60, að því er varðar kröfur þær, sem í málinu greinir. Engin andmæli hafa verið höfð uppi gegn aðild þeirra að þessu leyti.

Eigi verður fallist á með áfrýjanda, að skráning umræddra veðréttinda aðilja í skipaskrá af hálfu þinglýsingardómara hafi bundið hendur uppboðsdóms við úrlausn deilu aðilja um rétthæð þessara réttinda innbyrðis.

Kýrretning fyrir kröfum stefnda var gerð í skipinu 17. maí 1976 og hún innrituð fyrirfram til þinglýsingar hjá embætti bæjarfógeta í Vestmannaeyjum 11. júní s. á., en skipið var þá enn skráð þar. Kýrretningargerðinni var síðan haldið til laga, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða úrskurði, og fjárnám gert fyrir dómkröfunni 5. ágúst 1976. Fjárnámsgerðin var innrituð fyrirfram til þinglýsingar hjá embætti bæjarfógeta í Hafnarfirði hinn 27. sama mánaðar, en þá var búið að skrá skipið þar.

Telja verður, að með þessum aðgerðum hafi stefndi öðlast forgangsveð fyrir kröfum sínum gagnvart veðkröfum áfrýjanda, þar sem afhending veðskuldabréfa hans til innritunar fyrirfram hjá embætti bæjarfógeta í Hafnarfirði til þinglýsingar síðar gat eigi haft nein áhrif að lögum, fyrr en skipið hafði verið skráð þar. Er ljóst, að skipið var ekki skráð í skipaskrá bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði fyrr en eftir 16. júní 1976. Varð þá ekki raskað þeim rétti, sem stefndi hafði öðlast til bráðabirgða með kýrretningargerðinni og síðar var tryggður með fjárnáminu og þinglýsingu þess 27. ágúst, enda hafði áfrýjandi ekki fyrir þann tíma fylgt eftir veðkröfum sínum með neinum þeim hætti, sem máli gat skipt.

Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málkostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 9. júlí 1981.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 9. f. m. að loknum munnlegum málflutningi, gerir sóknaraðili, Höfn h/f, Siglufirði, þær dómkröfur, að frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Særúnar, HF 60, sem lagt var fram á dómþingi uppboðsréttar 6. apríl 1977, verði breytt á þann veg, að eftirstöðvum uppboðsandvirðis, þ. e. þeirri fjárhæð, sem eftir verður, þegar greiddar hafa verið að fullu sjóðveðréttarkröfur og kröfur tryggðar með 1.—7. veðrétti, verði úthlutað honum upp í kröfur hans samkvæmt fjórum veðskuldabréfum, útgefnum 21. ágúst 1976 til handhafa,

samtals að fjárhæð gkr. 11.616.000, tryggðum með 8. veðrétti og uppfærslurétti í m/b Særúnu, HF 60, en eftirstöðvar þessar til úthlutunar nemi gkr. 4.278.258 samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð, en í reynd gkr. 4.151.376, sbr. uppboðsafsal frá 6. maí 1977. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, Sveinbjörn Árnason h/f, Garði í Gullbringusýslu, gerir þær dómkröfur, að frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Særúnar, HF 60, (ex Sæunn, VE 60), svo sem það hafi verið lagt fram á dómþingi uppboðsréttar Hafnarfjarðar 6. apríl 1977, verði lagt óbreytt til grundvallar við endanlega úthlutun uppboðsandvirðis, þannig að honum verði úthlutað upp í kröfur sínar þeirri fjárhæð, sem eftir verði, er sjóðveðréttarkröfur og kröfur tryggðar með 1.—7. veðrétti hafi verið greiddar, en fjárhæð þessi nemi gkr. 4.151.376 samkvæmt uppboðsafsali fyrir bátnum frá 6. maí 1977. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Samkvæmt framlögðum skjölum og öðrum málgögnum eru málavextir þeir, að með kaupsamningi 1. júní 1975 og afsali, útgefnu 31. júlí 1975, seldi og afsalaði sóknaraðili, Höfn h/f, Siglufirði, uppboðspola, Ingva Einarssyni, Suðurgötu 60, Hafnarfirði, m/b Sæunni, VE 60 (nú m/b Særún, HF 60), og var afsal þetta innritað til þinglýsingar í Vestmannaeyjum hinn 28. september 1975. Skipið var afhent kaupanda í Keflavík hinn 15. júní 1975. Sóknaraðili hafði keypt fiskibát þennan frá Vestmannaeyjum fyrir á árinu.

Kaupverð skipsins með fylgifé nam gkr. 24.000.000, og greiddi uppboðspoli, Ingvi Einarsson, það m. a. með þeim fjórum veðskuldabréfum, sem hér koma við sögu, en þau voru öll út gefin af honum sjálfum hinn 21. ágúst 1975. Fjárhæð hvers þeirra nam gkr. 2.904.000, og skyldu þau greiddast á 10 árum með jöfnum afborgunum, í fyrsta sinni 15. júní 1976. Skuldin samkvæmt bréfunum var tryggð með 8. samhliða veðrétti í hinu selda skipi næst á eftir áhvílandi samningsveðum. Þá var og veðsett til frekari tryggingar gkr. 500.000 af hverri skuldabréfskröfu fasteignin Suðurgata 60 í Hafnarfirði, þannig að af heildarupphæð veðskuldabréfanna, gkr. 11.616.000, voru gkr. 2.000.000 einnig tryggðar með 5. veðrétti í greindri fasteign.

Við kaupin var Gunnar Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri varnaraðilja, uppboðspola, Ingva Einarssyni, innan handar, enda var það ætlunin, að báturinn legði upp væntanlegan afla sinn hjá varnaraðilja. Mun Gunnar f. h. félagsins hafa lánað Ingva gkr. 1.000.000, sem var peningaútborgunin við samningsgerðina, og látið í té uppskrift félagsins sem tryggingu á fjóra víxla, samtals gkr. 2.000.000, sem var hluti útborgunar. Heldur sóknaraðili því fram, að Gunnar Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri hafi verið viðstaddur kaupsamningsgerðina og tekið þátt í henni með Ingva og því vitað

mætavel frá upphafi, að fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skyldi Ingvi gefa út fjögur skuldabréf að upphæð samtals gkr. 11.616.214, tryggð með veði í bátnum, og afhenda forsvarsmanni sóknaraðilja. Af hálfu varnaraðilja er öðruvísi skýrt frá málavöxtum að þessu leyti, svo sem síðar greinir.

Útgerð bátsins gekk illa hjá Ingva Einarssyni, og um áramótin 1975—1976 lá hann við bryggju í Hafnarfirði í hálfgerðu reiðileysi, og var vélarblokkinn frostsprunginn að talið var. Mun Gunnar Sveinbjörnsson hafa aðstoðað uppboðspóla við að kaupa vélarblokk í staðinn fyrir þá gömlu, og var bátnum þá komið fyrir í slipp hjá Bátalóni í Hafnarfirði í því skyni að gera við vélina. Þegar farið var að athuga nánar með vélina, kom í ljós, að hún var meira skemmd en talið var í upphafi, og gagnaði því ekki að skipta bara um blokkina.

Þegar hér var komið sögu, hafði Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður með bréfi, dags. 15. febrúar 1976, beiðst uppboðs á bátnum vegna vanskila á greiðslu afborgana sex handhafaskuldabréfa á 6. og 7. veðrétti, samtals að fjárhæð gkr. 6.622.200. Var uppboðið auglýst með lögboðnum hætti í Lögbirtingablaði og skyldi samkvæmt því hefjast á skrifstofu uppboðshaldara hinn 28. maí 1976.

Ingvi Einarsson hafði samþykkt sýningarvixil að upphæð gkr. 4.000.000 til tryggingar skuld sinni við varnaraðilja. Er báturinn hafði verið auglýstur til uppboðs, fór varnaraðili að ugga um sinn hag og fól lögmanni sínum að innheimta víxilskuldina. Hófust aðgerðir með því, að beiðst var lögghalds í eignum uppboðspóla til tryggingar kröfunni. Var beiðnin tekin til meðferðar í fógetadómi Hafnarfjarðar 17. maí 1976, og var þá lýst yfir lögghaldi í fasteigninni Suðurgötu 60 í Hafnarfirði og m/b Sæunni, VE 60, til tryggingar kröfunni. Lögmaðurinn lagði endurrit gerðarinnar fyrir þinglýsingardómara í Hafnarfirði og óskaði þinglýsingar. Var erindið afgreitt að því er varðaði fasteignina Suðurgötu 60 og gerðin innrituð til þinglýsingar hinn 20. maí 1976 og skjalið auðkennt Litra J9 nr. 342. Jafnframt voru innheimt þinglýsingar- og stimpilgjöld. Þar sem báturinn var ekki skráður í Hafnarfirði, heldur í Vestmannaeyjum, var endurrit lögghaldsgerðarinnar sent bæjarfógetanum þar með beiðni um þinglýsingu. Var endurritið innritað til þinglýsingar í Vestmannaeyjum hinn 1. júní 1976 og merkt Litra LX nr. 1016.

Með bréfi, dagsettu 17. apríl 1976, sendi Skúli Jónasson, framkvæmdastjóri sóknaraðilja, Hafnar h/f, umrædd fjögur veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs bátsins til þinglýsingar við embætti bæjarfógeta í Hafnarfirði, en Skúli mun hafa álitid, að búið væri að umskrá bátinn og færa hann í skipaskrá Hafnarfjarðar. Með veðbréfunum var tékki að upphæð kr. 66.000 fyrir þinglýsingargjöldum, en búið var að stimpla þau. Þar sem bið varð á því, að veðskuldabréfin kæmu til baka, hafði Skúli síma-

samband við starfsfólk á bæjarfógetaskrifstofunni, a. m. k. þrisvar sinnum að eigin sögn, og innti eftir afgreiðslu bréfanna. Var honum strax tjáð, að eigi væri búið að umskrá bátinn til Hafnarfjarðar og því biði þinglýsing að því er hann varðaði, þar til umskráning hefði farið fram. Eigi voru bréfin heldur skráð á blað fasteignarinnar Suðurgötu 60 fyrr en 18. eða 20. júní 1976, að því upplýst þykir, og þá auðkennd Litra L9 nr. 313-316, en þinglýsingardagur tilgreindur 21. apríl 1976 og þinglýsingarstimpill með þeirri dagsetningu settur á þau. Tékki sóknaraðilja fyrir þinglýsingargjöldum var innleystur af bæjarfógetaembættinu 23. apríl 1976, en kvittun fyrir greiðslunni er dagsett 12. júlí 1976, en þá munu veðbréfin hafa verið send í pósti til sóknaraðilja.

Eigi var þess getið í athugasemd, að m/b Sæunn væri eigi á skipaskrá í Hafnarfirði, enda verið að umskrá skipið í þessum sömu svifum.

Hinn 16. júní 1976, er m/b Sæunn, VE 60, formlega umskráð og færð í skipaskrá Hafnarfjarðar undir nafninu Særún, HF 60. Eru þá færð á blað bátsins í skipaskrá samningsveð þau, er fylgdu frá Vestmannaeyjum á 1.—7. veðrétti. Síðan eru færð umrædd fjögur veðskuldabréf sóknaraðilja á 8. veðrétt og þinglýsingardagur tilgreindur 21. apríl 1976, en bréfin auðkennd Litra L9 nr. 313—316. Þar á eftir er færð löghaldsgerð varnaraðilja, sem hér um ræðir, en tilgreindur þinglýsingardagur 20. júní 1976 og merkt Litra L9 nr. 317. Löghaldsgerðin og önnur réttargerð sams konar höfðu verið á veðbókavottorði skipsins, sem hafði verið sent með skráningarskjölunum frá Vestmannaeyjum, næst á eftir samningsveðum á 1.—7. veðrétti.

Varnaraðili höfðaði mál gegn uppboðspola, Ingva Einarssyni, til greiðslu skuldarinnar samkvæmt sýningarvixlinum og til staðfestingar kyrrsetningunni. Var dómur upp kveðinn í bæjarþingi Keflavkur 2. júní 1976, og voru kröfur varnaraðilja teknar að öllu leyti til greina. Dómurinn var birtur uppboðspola 15. s. m. og fjárnáms beiðst 17. n. m. Fjárnámsgerð fór fram í fógetadómi Hafnarfjarðar 5. ágúst 1976, og var þá bent á fasteignina Suðurgötu 60 og m/b Særúnu, HF 60, til tryggingar dómsskuldinni. Lauk gerðinni með því, að fógeti lýsti yfir fjárnámi í nefndum eignum.

Endurrítt fjárnámsgerðarinnar var lagt inn til þinglýsingar, og samkvæmt vottorði á því er það móttekið til innritunar 27. ágúst 1976 og merkt Litra N9 nr. 232. Þótt ekki sé það fyllilega upplýst, benda gögn málsins til þess, að starfsmaður við þinglýsingardeild bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði hafi, að lokinni innfærslu fjárnámsins á blað m/b Særúnar í skipaskránni, fengið bakþanka og strikað yfir veðskuldabréf sóknaraðilja, merkt L9 nr. 313—316, svo og fjárnámsgerðina. Síðan hafi hann fært aftur inn á blaðið veðskuldabréfin fjögur, tilgreint þinglýsingardag sem 18. júní 1976 og sömu auðkenni og fyrr. Að lokum fært inn fjárnámið aftur og merkt það Litra

L9 nr. 317. Virðist ætlun starfsmannsins, sem upplýst þykir, að hafi verið forstöðumaður þinglýsingardeildarinnar á þessum tíma, Gissur V. Kristjánsson bæjarfógetafulltrúi, hafa verið sú að þoka veðskuldabréfunum um set til baka í veðröðinni og aftur fyrir kyrrsetnigargerð varnaraðilja.

Uppboðsmálið var, svo sem fyrr segir, þingfest 28. maí 1976. Síðan var því frestað nokkrum sinnum, uns ákveðin var sala á eigninni sjálfri 17. desember 1976, en varnaraðili hafði þá gerst aðili uppboðsmálsins. Á söluþinginu varð varnaraðili hæstbjóðandi með boði gkr. 16.000.000. Að kröfu lögmanns uppboðspola var ákveðið annað og síðasta uppboð á bátnum hinn 31. janúar 1977. Á uppboðsþingi þann dag gekk sóknaraðili inn í uppboðið. Af hans hálfu var þá gerð svofelld bókun:

„Undirritaður handhafi 4 veðskuldabréfa, útgefinna 21. ágúst 1975 og þinglesinna 21. apríl 1976, hvert að fjárhæð kr. 2.904.000, eða samtals að fjárhæð 11.616.000, tryggð með 8. veðrétti í m/b Særúnu, HF 60, krefst þess, að á uppboðsþingi þessu verði tekin sú afstaða, að röð veða á bátnum sé þannig, að krafa Garðars Garðarssonar, hdl., að fjárhæð kr. 4.000.000, sem gert var löghald fyrir hinn 17. maí 1976 og síðan fjárnám hinn 5. ágúst 1976, að undangengnum dómi í staðfestingarmáli, sé næst á eftir kröfu minni að fjárhæð kr. 11.616.000 auk vaxta, kostnaðar og úthlutun væntanlegs uppboðsandvirðis fari eftir greindri röð. Krafa þessi er að visu í samræmi við framlagt veðbókavottorð, þar sem uppboðsheimild Garðars Garðarssonar, hdl., fjárnamið, er næst á eftir samningsveði mínu, en þar sem mér er ljóst, að greindur aðfararveðhafi gerir ágreining um veðröðina, krefst ég þess, að afstaða verði tekin til þessa, áður en leitað verður eftir frekari boðum í bátinn.

Komi fram mótmæli út af kröfum mínum, krefst ég þess, að uppboði verði frestað, þar til úrskurður hefur gengið um ofangreint atriði.“

Lögmaður varnaraðilja óskaði þá bókað:

„Ég mótmæli þeim skilningi, sem fram kemur um veðröðina í bókun Ragnars Aðalsteinssonar, hrl., á réttarskjali nr. 61, enda er því mótmælt, að nefndum skuldabréfum hafi verið þinglýst 21. apríl 1976, en þá var báturinn skráður í Vestmannaeyjum. Ég krefst þess, að úrskurðað verði, að krafa mín sé tryggð með veðrétti í bátnum á undan skuldabréfi Ragnars Aðalsteinssonar. Jafnframt er ég því sammála, að uppboði á bátnum verði frestað, uns úrskurður um veðröðina liggur fyrir, enda gefist mér kostur á að leggja fram ítarlega greinargerð. Jafnframt lýsi ég því yfir, að boð mitt sem hæstbjóðanda á síðasta uppboði kr. 16 milljónir muni standa, uns úrskurðað hefur verið í málinu.“

Er hér var komið, varð samkomulag um, að annað og síðasta söluþing yrði háð, og fór það fram 8. febrúar 1976, en þá hafði sóknaraðili fallið frá þeirri kröfu sinni, að formlegur úrskurður um veðröðina yrði felldur

áður. Hæstbjóðandi varð varnaraðili með boð gkr. 19.000.000, og krafðist hann útlagningar.

Á uppboðsþingi 6. apríl 1975 lagði uppboðshaldari fram frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðisins. Var þar gert ráð fyrir borgun upp í kröfu varnaraðilja í áttunda og síðasta tölulið, en engri greiðslu á kröfu sóknaraðilja. Þessu síðasta atriði í frumvarpinu var mótmælt af hálfu sóknaraðilja, sem krafðist úrskurðar í greinargerð, lagðri fram í þinghaldi 27. apríl 1976. Greinargerð af hálfu varnaraðilja kom fram 20. maí 1976, en þá vék hinn reglulegi uppboðshaldari, Einar Ingimundarson bæjarfógeti, sæti með úrskurði, þar sem vísað var til niðurlags 7. töluliðs 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Hafði sóknaraðili áskilið sér rétt til að krefja bæjarfógetann og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs um bætur fyrir tjón það, er hann kynni að verða fyrir vegna mistaka, sem hann taldi hafa orðið í sambandi við þinglýsingu nefndra veðskuldabréfa hans, færi svo endanlega, að varnaraðilja yrði úthlutað af uppboðsandvirði skipsins á undan honum.

Undirritaður setuuppboðshaldari var skipaður með bréfi dómsmálaráðuneytisins 14. júlí 1977. Hefur ítrekað og til þrautar undir rekstri málsins verið reynt að ná sáttum með aðiljum, en án árangurs. Málsaðiljar gerðu með sér sérstakt samkomulag hinn 20. apríl 1977 varðandi fjárhæð þá, sem hér er deilt um, þar sem féð er ekki og hefur aldrei verið í vörslum uppboðshaldara.

Svo sem áður getur, var uppboðsafsal gefið út hinn 6. maí 1977 til Gunnars Sveinbjörnssonar, Krókvöllum í Gerðahreppi, Gullbringusýslu, en varnaraðili hafði framselt honum boð sitt.

Verður nú vikið nánar að helstu málavöxtum, svo sem fram hefur komið í skýrslum fyrirvarsmanna aðilja og vitna hér fyrir dóminum.

Skúli Jónasson, framkvæmdastjóri sóknaraðilja, kom fyrir dóminn 25. september 1978.

Hann skýrir svo frá, að á árinu 1974 hafi Höfn h/f keypt m/b Sæunni, VE 60, af Snarfara h/f í Vestmannaeyjum. Þar sem fljótlega eftir kaupin var farið að huga að sölu skipsins aftur, hafi ekkert orðið úr því að láta umskrá skipið til Siglufjarðar. Um mitt ár 1975 hafi því verið komið í sölu til Skarphéðins Bjarnasonar, skipasala í Reykjavík, og leiddi það til sölu skipsins til Ingva Einarssonar, Suðurgötu 60, Hafnarfirði. Hafi afsal verið gefið út 31. júlí 1975.

Ingvi Einarsson greiddi kaupverð skipsins og fylgifyr, sem var gkr. 24 milljónir, m. a. með 4 veðskuldabréfum að upphæð gkr. 2.904.000 hverju. Voru bréfin til 10 ára og tryggð með 8. samhliða veðrétti í skipinu næst á eftir áhvílandi sammingsveðum. Þá var og veðsett til tryggingar gkr.

500.000 af hverri skuldabréfakröfu fasteignin Suðurgata 60 í Hafnarfirði með 5. veðrétti.

Skúli kveðst hafa látið stimpla veðskuldabréfin hjá bæjarfógetaembættinu í Siglufirði, og voru bréfin nokkra hrið í vörslu embættisins. Hann kvaðst hafa fengið upplýsingar um það hjá fulltrúa bæjarfógetans í Siglufirði, Hjörleifi Magnússyni, að senda bæri bréfin til bæjarfógetans í Hafnarfirði til þinglýsingar, enda hefði hann tjáð Hjörleifi, að hann vissi ekki betur en búið væri að umskrá skipið til Hafnarfjarðar, en það hafði Ingvi Einarsson lofað að gera við allra fyrstu hentugleika, svo sem samkomulag hafi orðið um skömmu eftir kaupin. Skúli sagðist því hafa sent bréfin í pósti til bæjarfógetans í Hafnarfirði ásamt tékka fyrir þinglýsingargjöldum.

Aðspurður segist Skúli ekki muna eftir eða geta útskýrt, hvers vegna veðskuldabréfin hefðu ekki verið send fyrir til þinglýsingar. Skúli segist hafa hringt, að hann telur í það minnsta þrisvar sinnum, til bæjarfógetans í Hafnarfirði og óskað eftir samtali við þann, sem hefði með þinglýsingu að gera hjá embættinu. Talaði hann við tvo aðilja í þessum símtölum, stúlku og karlmann, sem hét Viðar að hann minnir, en þorir þó ekki að fullyrða um það. Hann segist í fyrsta símtalinu hafa fengið að vita, að skjöl bátsins væru enn ekki komin til Hafnarfjarðar. Yrði þetta allt í lagi með veðskuldabréfin, eins og það var orðað, því þau yrðu geymd, þar til skjöl bátsins kæmu.

Hann segist hafa nefnt það í ofangreindum símtölum, að bréfin væru í ákveðinni veðröð. Hafi hann verið fullvissaður um, að allt yrði í lagi með það og væri ekkert annað að gera en doka við, þar til skjöl bátsins bærust til Hafnarfjarðar. Hann segir ekki hafa verið minnst á það, að rétt væri að taka bréfin og koma þeim til Vestmannaeyja til þinglýsingar. Skúli tekur fram aðspurður, að hann hafi ekki notið eða leitað lögfræðilegra leiðbeininga um þinglýsingu bréfanna nema hjá Hjörleifi fulltrúa, sem áður getur, og voru leiðbeiningar hans á þeirri forsendu reistar, að búið væri að flytja bátinn, svo sem hann hugði, að hlyti að vera. Hann segist ekki hafa leitt hugann að því eða dottið það úrræði í hug að koma bréfunum til Vestmannaeyja til þinglýsingar, er hann fékk vitneskju um, að skjöl bátsins væru ekki komin til Hafnarfjarðar.

Skúli segir, að þegar samningsumleitanir um bátakaupin hafi farið fram milli þeirra Ingva Einarssonar, hafi Gunnar Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri varnaraðilja, fylgst með þeim og verið viðstaddur samningsgerð að hann minnir. Aðstoðaði Gunnar Ingva á ýmsan hátt við kaupin, m. a. með því að gefa út víxla fyrir hönd varnaraðilja, sem Ingvi samþykkti. Skúli segir, að ekki hafi farið á milli mála, að Gunnar Sveinbjörnsson hafi vitað um veðröð veðbréfanna fjögurra, sem hér um ræðir.

Gunnar Ragnar Sveinbjörnsson, framkvæmdastóri varnaraðilja, kom fyrir dóminn 4. nóvember 1980.

Gunnar kveðst ekki muna til þess að hafa verið viðstaddur né á annan hátt verið við gerð kaupsamnings um bátinn, en segist minna, að Ingvi hafi komið með kaupsamninginn undirritaðan og beðið sig að skrifa á hann sem vitundarvott. Hann segist ekki muna til þess að hafa kynnt sér samninginn á þessum tíma, en tekur fram, að Ingvi hafi sagt sér, áður en hann var gerður, að hann treysti sér til að ráða við öll atriði í sambandi við kaupin nema fyrstu peningaútborgunina. Í þessu sambandi tekur Gunnar fram aðspurður, að hann hafi ekki verið viðstaddur né vitað um, er afsal var gefið út til Ingva, né vissi hann á þeim tíma, að Ingvi gaf út veðskulda-bréf með veði í skipinu fyrir eftirstöðvum kaupverðsins.

Skipið hafi verið gert út til fiskveiða seinni part ársins 1975 og aflanum lagt upp hjá varnaraðilja í samræmi við samkomulag þeirra Ingva.

Um áramótin 1975—1976 kveðst Gunnar hafa orðið þess var, að skipið var við bryggju í Hafnarfjarðarhöfn, og hafði verið brotist inn í það þar. Kveðst Gunnar hafa farið um borð og athugað, hvernig ástatt var, og komst þá að raun um, að vélin virtist vera frostsprungin. Nokkru seinna, að hann minnir, var skipið komið upp í slipp hjá Bátalóni í Hafnarfirði. Kveðst Gunnar hafa aðstoðað Ingva við að kaupa vélarblokk til þess að setja í í staðinn fyrir þá gömlu. Þegar hér var komið sögu, segir Gunnar, að Ingvi hafi samþykkt tryggingarvísil að upphæð kr. 4 milljónir, að sinni kröfu til tryggingar skuldum við varnaraðilja.

Þegar farið var að athuga nánar um vél skipsins, kom í ljós, að hún var miklu meira skemmd heldur en talið var í upphafi, og gagnaði því ekki að skipta um vélarblokk.

Gunnar segist hafa orðið þess áskynja nokkru síðar, að Ingvi var að leita fyrir sér um kaup á nýrri vél í skipið. Leist honum þannig á þá fyrirætlun til viðbótar því hirðuleysi, sem hann taldi Ingva hafa sýnt viðvíkjandi skipinu, að hann hafi falið lögmanni sínum innheimtu tryggingarvísils þess, sem að ofan greinir.

Hinn 26. nóvember sl. báru vitni fyrir dómnum þau Gissur V. Kristjánsson bæjarfógetafulltrúi og Erna Kristinsdóttir fulltrúi, en þau voru fastir starfsmenn í þinglýsingardeild bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði vorið og sumarið 1976, og eru þau bæði enn starfandi við embættið.

Í skýrslu sinni segir Gissur m. a., að hann muni eftir því, er veðskulda-bréf sóknaraðilja, sem hér um ræðir, bárust embættinu í apríl eða maí 1976. Hafi eitthvað verið í veginum með að innrita bréfin þegar í stað og því hafi hann haft samband símleiðis við handhafa þeirra á Siglufirði. Hann man ekki, hvað það var, sem stóð í vegi fyrir að færa þau inn í fasteignaregistur, en hins vegar hafi ástæðan verið sú varðandi skipið, að það var

skráð í Vestmannaeyjum og hafði ekki verið flutt til Hafnarfjarðar. Að svo komnu máli hafi verið ómögulegt að sínu áliti sem lögfræðings að innrita bréfin, fyrr en skipið hefði verið formlega flutt til Hafnarfjarðar.

Gissur segist hafa verið í sumarleyfi frá 10. júní og fram yfir 10. júlí og þegar hann hafi komið aftur til starfa að friinu loknu, hafi verið búið að flytja skipið til Hafnarfjarðar og færa það inn á skipaskrá þar undir nafninu, Særún, HF 60. Hann segist ekki vita, hver hafi skráð handhafabréf sóknaraðilja í upphafi á blað skipsins í skipaskrá. Áliti hann, að það hafi einhver lausráðinn sumarstarfsmaður gert, því hann þekki ekki rithöndina. Á hinn bóginn séu seinni færslurnar með sinni rithönd. Um skráðan þinglýsingardag í seinna sinnið, 18. júní 1976, ályktar hann, að það sé dagurinn, sem skjöl skipsins vegna flutnings þess hafi borist þinglýsingardeildinni. Hann kveðst ekki vita, hver hefur strikað yfir fyrri færslur bréfanna og fjárnáms varnaraðilja, en telur hugsanlegt, að það hafi hann sjálfur gert. Gissur segist ekki vita nákvæmlega, hvenær þessar breytingar á færslum hafi farið fram, en það hafi verið einhvern tímann milli 10. júlí og 1. október 1976. Aðspurður kveðst hann ekki muna til þess, að þeim, sem málið snerti, þ. e. málsaðiljum, væri gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna eða tjá sig, er þessar breytingar hafi verið gerðar. Hann segist ekki geta gert sér grein fyrir því, hvort þeir hafi vitað um breytingarnar á sínum tíma.

Inntur skýringa á því, að ókleift hafi verið að fá útgefið veðbókavottorð um m/b Særúnu, HF 60, sumarið og haustið 1976, svaraði Gissur, að hann kynni engar sérstakar skýringar aðrar en þær, að hann hefði talið veðsetningarnar, eins og þær hafi verið í registrinu, ekki vera réttar.

Erna Kristinsdóttir segir í sinni skýrslu, að hún muni eftir þessum fjórum umræddu veðskuldabréfum sóknaraðilja, en þeim hafi átt að þinglýsa bæði á fasteign og skip. Þar sem skipið hafi ekki verið skráð í Hafnarfirði, hafi hún haft samband við einhvern mann á Siglufirði, að hana minnir, og beðið um leiðréttingu á skráningunni, þar sem á því stæði. Minnir Ernu, að umræddur maður hafi ekki viljað fá veðbréfin endursend, þar sem hraða hefði átt flutningi skipsins til Hafnarfjarðar.

Hún segir, að vorið og sumarið 1976 hafi auk sín og Gissurar V. Kristjánssonar bæjarfógetafulltúa, sem hafi verið yfirmaður þinglýsingardeildarinnar, starfað þar kúrsusmenn, þ. e. laganemar í námsvinnu, en nöfn þeirra muni hún ekki.

Erna segir, að þegar hún hafi farið í sumarfrí 1976, hafi ekki verið búið að ganga frá málum varðandi þinglýsingu veðbréfa sóknaraðilja, en þegar hún hafi komið aftur til baka, hafi verið búið að leysa öll þau mál. Telur hún, að einhverjir laganemanna hafi afgreitt málið, þ. e. umskráningu m/b Særúnar, HF 60, og innritun veðbréfanna á blað skipsins í skipaskrá.

Erna kveðst oftast en einu sinni hafa haft samband við fyrirsvarsmenn

sóknaraðilja á Siglufirði út af bréfunum. Man hún ekki beinlínis eftir því, að rætt hafi verið um þann möguleika að senda bréfin til Vestmannaeyja, en telur víst, að hún hafi reifað málið við manninn út frá öllum hliðum og beðið hann um svör viðvíkjandi því, sem hann vildi gera. Minnir hana, að þessi maður hafi ekki viljað fá veðbréfin endursend, þar sem þetta væri að komast í lag, bara dagaspursmál að hana minnir.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili rökstyður dómkröfur sínar fyrst og fremst með því, að hinn 21. apríl 1976 hafi hann eignast þinglýsta, veðtryggða kröfu í hinu umrædda skipi, sem hér um ræðir. Þessi dagsetning sé ótvíræð samkvæmt áritun þinglýsingardómara á sjálf skuldabréfin, en þau séu skráð inn á blað skipsins í skipaskrá næsta á eftir áhvilandi samningsveðum á 1.—7. veðrétti og bréfin merkt Litra L9 nr. 313—316. Á eftir sé löghaldsgerð varnaraðilja færð og merkt Litra L9 nr. 317. Þar með hafi verið upp kveðinn úrskurður þinglýsingardómara um veðröð. Framlagt ljósrít blaðs skipsins úr skipaskrá Hafnarfjarðar beri þessu ljóst vitni, svo eigi verði vefengt. Það sé svo annað mál, að einhvern tíma síðar hafi skráningu þessari verið breytt, svo sem ljósrítið beri með sér, þannig að strikað hafi verið yfir þær fjórar línur á blaðinu, sem veðbréfin hafi verið skráð á í upphafi og þau síðan endurinnfærð fyrir neðan löghaldsgerð varnaraðilja með sömu auðkennum, en búinn til nýr þinglýsingardagur, hinn 18. júní 1976. Þá hafi enn fremur verið strikað ofan í þinglýsingardagsetningu löghaldsins og henni breytt. Verði ekki lesið, svo óyggjandi sé, hver talinn sé þinglýsingardagur. Í seinna sinnið virðist það vera 20. maí 1976, en þá sé búið að skrifa ofan í fyrrritaða dagsetningu, sem sýnist hafa verið 11. júní 1976.

Sóknaraðili heldur því fram og leggur á það ríka áherslu, að þinglýsingardómara hafi með öllu verið óheimilt að breyta upphaflegri skráningu sinni, þar sem í henni hafi falist endanlegur úrskurður hans, enda hafi hún að sjálfsögðu verið dómsathöfn. Því aðeins hafi þinglýsingardómara verið heimilt að taka dómsathöfn þessa upp, að um væri að ræða leiðréttingu á augljósri ritvillu, og þá hafi honum borið að kalla fyrir sig þá aðilja, sem málið varðaði, og gefa þeim kost á að tjá sig. Ágreiningslaust sé, að ekki hafi verið um slíkt að ræða, heldur hafi skráningu veðbréfa í veðmálabókum verið breytt og færð í horf, sem stangist á við áritanir á bréfin sjálf, sem þinglýsingardómari hafði afhent og komin voru út í viðskiptalífið.

Til áréttingar og frekari rökstuðnings dómkröfunni, að úthluta beri eftirstöðvum uppboðsandvirðis upp í veðkröfu hans, bendir sóknaraðili á, að til veðkröfu sinnar hafi verið stofnað á lögmætan hátt hinn 21. ágúst 1975. Fyrirsvarsmenn varnaraðilja hafi verið kunnugt frá upphafi um stofnun

kröfunnar og að uppboðspoli hafi sett skipið að veði með 8. veðrétti til tryggingar henni auk fasteignar sinnar fyrir hluta kröfunnar. Veðskulda-bréfin hafi verið afhent til þinglýsingar á heimilisvarnarþingi útgefanda og útgerðarstað skipsins, talsvert áður en löghaldið hafi verið lagt á. Þinglýsingardómari hafi veitt veðbréfunum móttöku og innritað þau fyrirfram til þinglýsingar á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 21. apríl 1976 án nokkurra athugasemda.

Sóknaraðili leggur á það ríka áherslu, að löghaldsgerð víki fyrir þinglýstu eldra samningsveði og einnig víki slík réttargerð fyrir óþinglýstu samningsveði, ef löghaldshafi vissi um það, enda styðji sanngirnis- og eðlisrök þá reglu. Því sé ljóst, að hvernig sem á mál þetta sé litið, hljóti það að leiða til þeirrar niðurstöðu, að löghaldsgerð varnaraðilja beri að telja standa að baki veðkröfunum samkvæmt umræddum skuldabréfum. Þá sé það veigamikilið atriði í þessu máli, að færsla þinglýsingardómara í veðmálaskrá sé bindandi dómsathöfn, sem ekki verði breytt nema með málskoti til Hæstaréttar. Því hafi þinglýsingardómara verið óheimil breyting fyrri dómsathafnar og af því leiði, að síðari gerðir hans hafi hér ekkert gildi. Séu bæði varnaraðili og uppboðshaldari bundnir af upphaflegri röðun veða við þinglýsingu svo og við þær dagsetningar, sem skráðar séu í veðmálaskrá. Þá séu þeir jafnframt bundnir af þeirri afstöðu þinglýsingardómara, sem fram komi í framlögðum veðbókarvottorðum, en þar sé fjárnámsgerð varnaraðilja raðað á eftir veðbréfum hans, enda hafi þinglýsingardómari greinilega tekið þá afstöðu við skráningu fjárnámsgerðarinnar, að hún tæki ekki sæti löghaldsgerðarinnar, heldur skyldi hún þoka fyrir veðkröfum hans. Þessi afstaða þinglýsingardómara hafi síðan verið staðfest við útgáfu tveggja veðbókarvottorða, sem fyrir liggi í málinu. Þetta atriði eitt sér leiði til þess, að krafa sóknaraðilja hljóti fram að ganga, þar sem fjárnámsgerðinni sé ekki þinglýst fyrr en 27. ágúst 1976.

Með tilvísun til þess, sem að ofan sé rakið, telur sóknaraðili fram komið, að þingstu og veigamestu rökin í málinu styðji eindregið kröfu hans, að úthluta beri honum eftirstöðvum uppboðsandvirðisins. Svo sem fyrr sé sagt, styðjist slík niðurstaða við bæði sanngirnis- og eðlisrök. Til réttar sóknaraðilja sé stofnað miklu fyrr en réttar varnaraðilja og með fullri vitneskju fyrirvarsmanna hans frá upphafi. Veðbréfunum hafi verið framvísað til þinglýsingar a. m. k. einum og hálfum mánuði fyrr og eigi að telja réttaráhrif þess frá þeim tíma. Skoðað í þessu ljósi eigi ekki að vera nokkur vafi á því, að kröfu sóknaraðilja beri að taka til greina að öllu leyti.

Varnaraðili byggir rétt sinn á því, að með innritun löghaldsgerðar sinnar til þinglýsingar hinn 11. júní 1976 hafi hann öðlast 8. veðrétt í m/b Særúnu, HF 60, sem þá hafi að vísu heitið Sæunn, VE 60. Þennan umrædda dag hafi veðskuldabréfum sóknaraðilja ekki enn verið þinglýst á skipið á lög-

mætan hátt. Því sé mótmælt með öllu, sem sóknaraðili haldi fram, að fyrirsvarsmaður varnaraðilja hafi vitað um tilvist veðbréfa hans og því verið í vondri trú, er löghaldið var lagt á.

Hann bendir á, að í máli þessu sé fyrst og fremst um það deilt, hvaða áhrif löghaldsgerð sín frá 17. maí 1976 hafi svo og eftirfarandi aðgerðir. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann sé þinglýsing kyrrsetningar nauðsynleg til verndar rétti kyrrsetningarhafa gagnvart samningum kyrrsetningarpóla um skip, 5 smálesta eða stærra, við grandalausán 3ja mann. Í þessu sambandi sé vert að líta á það, hvaða reglur gildi um þinglestur slíkra réttinda yfir skipum.

Eftir ákvæðum 3ju gr. siglingalaga nr. 66/1963 skuli um stofnun og vernd eignarhafta á skrásettu skipi, sem sé 5 rúmlestir eða meira, fara eftir reglum um fasteignir eftir því sem við verði komið. Í 4. gr. þinglýsingarlaganna nr. 30/1928, er í gildi voru á umræddum tíma, séu fyrirmæli þess efnis, að skjali, sem snerti skráningarskylt skip, skuli þinglýsa, þar sem skipið sé skráð eðs óskist skráð. Fyrir liggi í málinu skjalfest og ómótmælanlegt, að fyrst hinn 16. júní 1976 óski uppboðspoli eftir því, að skráning skipsins sé flutt frá Vestmannaeyjum til Hafnarfjarðar. Fram til þess dags hafi það verið skráð í Vestmannaeyjum og þar og einungis þar hafi verið rétt að þinglýsa eignarhöftum á skipið. Þess vegna hafi endurrit löghaldsgerðarinnar réttilega verið sent þinglýsingardómara í Vestmannaeyjum, svo sem gert hafi verið með bréfi, dagsettu 31. maí 1976. Það gefi auga leið, hvers vegna þessi regla hafi verið sett, því gífurleg réttaróvissa væri því samfara og veðmálabókhald í raun til einskis, ef hægt væri að afhenda skjal varðandi t. d. fasteign eða skip í Vestmannaeyjum á Siglufirði eða í Hafnarfirði. Þegar þetta sé virt, komi berlega í ljós, að afhending veðbréfa sóknaraðilja til dómara í Hafnarfirði hafi ekkert gildi að lögum, hvað varði vernd veðréttinda hans í skipinu. Í þessu sambandi sé rétt að benda á, að í vitninsburði starfsmanna í þinglýsingardeild bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði komi skýrt fram, svo sem haldið sé fram af varnaraðilja hálfu, að fyrirsvarsmanni sóknaraðilja hafi strax og margoft aftur verið skýrt frá því, að skipið væri skráð í Vestmannaeyjum, og því ekki hægt að þinglýsa bréfunum í Hafnarfirði. Þá hafi þess ítrekað verið óskað við Skúla Jónason, framkvæmdastjóra sóknaraðilja, að hann léti vitja bréfanna eða þau yrðu ella send honum til baka, en Skúli hefði óskað, að þau yrðu kyrr, þar sem verið væri að umskrá skipið til Hafnarfjarðar. Í þessu sambandi sé eðlilegt að benda á, að vitaskuld hafi fyrirsvarsmanni sóknaraðilja borið að kanna það sjálfstætt, hvar báturinn væri skráður, því augljóst hafi verið, er veðbréfin voru útgefin, hvar hann hafi verið skráður þá. Því sé svo einnig ósvarað, hvers vegna ekki farið var með bréfin til þinglýsingar fyrr en 8 mánuðum eftir útgáfu þeirra. Út af fyrir sig sé fallist á það með

sóknaraðilja, að það hafi verið rangt og vítavert að rita ekki athugasemd um löghaldsgerðina á veðbréfin. Varði það einungis bótaskyldu þinglýsingardómara, en breyti engu um veðröðina. Rétt sé að benda á það í þessu sambandi, að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1970 um skráningu skipa hafi uppboðsbola engin skylda borið til að færa skráningu skipsins til Hafnarfjarðar.

Samkvæmt því, sem nú sé sagt, verði fullyrt með góðum og gildum laga-rökum, að löghaldsgerðinni hafi verið þinglýst á undan veðbréfum sóknar-aðilja og taki því sæti á undan þeim í veðröðinni. Þannig hafi þessu verið fyrir komið á skjölum þeim, er þinglýsingardómara í Hafnarfirði hafi borist frá bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum í sambandi við flutning skips-ins, og við það hafi hann verið bundinn.

Varnaraðili heldur því fram, að samkvæmt kenningum jafnt innlendra sem erlendra fræðimanna gangi dómveð samkvæmt kyrrsrentingargerð fyrir samningsbundnum eignarréttindum, sem þinglýst sé síðar, og skipti eigi máli, hvort kyrrsetningarhafi sé grandalaus eða ekki, sbr. a. m. k. tvo dóma Hæstaréttar. Önnur skipan mála mundi opna greiða leið til misferlis, þar sem gerðarþolar gætu dagsett málamyndagerninga aftur í tímann og látist þinglýsa þeim eftir aðför. Mönnum sé búin greið leið til að vernda rétt sinn með þinglýsingu og verði þeir því að bera skaðann af að láta undir höfuð leggjast að nota sér hagræðið af þinglýsingu.

Ómótmælt sé, að fjárnámsgerðin frá 5. ágúst 1976 hafi verið gerð fyrir sömu skuld og áður hafði verið lagt á löghald fyrir í skipinu. Löghaldsgerð-in hafi verið staðfest með dómi og hann birtur á lögformlegan hátt. Varnar-aðili heldur því fram og vísar til kenninga íslenskra sem annarra norræna fræðimanna, að löghaldsgerðin skapi gerðarhafa rétt til að ganga að hinni kyrrsettu eign síðar við fjárnám og fá sömu réttindi og röð, sem hann öðl-aðist við löghaldsgerðina. Því sé það eingöngu rangur lagaskilningur þing-lýsingardómara, en ekki neinn úrskurður hans, er hann telji veðröðina vera - löghald - veðbréf sóknaraðilja - fjárnám - á veðbókarvottorðum í stað löghaldsins, svo sem lög berlega mæli. Útgáfa veðbókarvottorða sé ekki dómsathöfn. Það sé einungis ákvörðum dómara um það, hvort skjali skuli þinglýst eða ekki og svo þinglýsingin sjálf, þ. e. lestur skalanna á bæjar-þingi. Því sé uppboðsdómari á engan hátt bundinn af gerðum þinglýsingar-dómara í Hafnarfirði í sambandi við innfærslu og skráningu, sem hér sé deilt um. Uppboðsdómur sé án vafa réttur vettvangur til að deila um og fá úrskurðað um veðröðina og hvor aðilja fái úthlutað upp í kröfu sína af uppboðsandvirðinu og í engu bundinn af hinum umdeildu gerðum starfs-fólks þinglýsingardeildar bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði.

Forsendur og niðurstaða.

Aðiljar eru á einu máli um það, að deilu þeirra um úthlutun eftirstöðva uppboðsandvirðis m/b Særúnar, HF 60, beri réttilega að útkljá hér í uppboðsdóminum. Er það stutt skýrum og ítarlegum lagafyrirmælum í 2. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Ágreiningurinn, sem hér er til úrlausnar, er í megindráttum fölginn í mismunandi skoðunum þeirra á þýðingu hinna tilteknu aðgerða þinglýsingardómara, annars vegar í Hafnarfirði og hins vegar í Vestmannaeyjum, og hvort eða að hve miklu leyti þeir sjálfir og uppboðsdómur séu af þeim bundnir. Enn fremur deila þeir um eðli og innihald þess réttar, sem kyrrsetning og eftirfarandi fjárnám færir gerðarhafa.

Veðtrygging þeirra hvors um sig í fasteigninni Suðurgötu 60 í Hafnarfirði er máli þessu óviðkomandi, en fram er komið, að hvorugur þeirra fékk nokkuð upp í kröfu sína af uppboðsandvirði, er nefnd fasteign var seld á nauðungaruppboði.

Á þeim tíma, sem hér um ræðir, vorið og sumarið 1976, voru í gildi lög nr. 30/1928 um þinglýsing skjala og aflýsing, en í 3ju grein þeirra segir, að skjal, sem þinglýsa eigi, skuli afhenda dómara í því lögsagnarumdæmi, þar sem þinglýsing eigi fram að fara. Í 1. mgr. 4. gr. laganna segir, að skjali, sem snerti fasteign eða skráningarskylt skip, skuli þinglýsa í þinghá, sem eignin sé eða skipið skráð eða óskist skráð. Samkvæmt þessu lagði sóknaraðili veðbréf sín réttilega fyrir þinglýsingardómara í Hafnarfirði að því er veðréttindin í fasteigninni Suðurgötu 60 áhræði, en á röngum stað að því er varðaði veðréttindin í skipinu, þar sem þinglýsing þeirra gat aðeins farið fram í Vestmannaeyju, eins og á stóð. Verður því eigi talið, að framvísun veðskuldabréfanna til þinglýsingar í Hafnarfirði hafi haft nokkurt gildi að lögum til verndar veðréttindum sóknaraðilja í skipinu gagnvart þriðjamanni og varnaraðili þegar af þeim ástæðum á engan hátt bundinn við aðgerðir þinglýsingardómara í Hafnarfirði, hvað þessi veðréttindi snerti, þann tíma, sem skipið var enn skráð í Vestmannaeyjum.

Á hinn bóginn ber að telja, að varnaraðili hafi réttilega lagt kyrrsetningargerð sína fyrir þinglýsingardómara í Vestmannaeyjum og þar hafi henni verið þinglýst á skipið. Þar með öðlaðist varnaraðili 8. veðrétt í skipinu, skilyrtan að vísu, næsta á eftir þinglýstum samningsveðum á 1.—7. veðrétti. Hafði hann þá þokað veðréttindum sóknaraðilja í skipinu, sem þá voru óþinglýst, aftur fyrir sinn veðrétt, háð því, að hann hefði haldið kyrrsetningargerðinni til réttra laga, þ. e. fengið hana staðfesta með dómi. Breytir hér engu um hugsanleg grandsemi varnaraðilja, en hún telst eigi vera sönnuð, þar sem á þessum tíma giltu sömu reglur og nú eru skýrt skráðar í 19. og 20. gr. núgildandi þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Óvefengt er, að varnaraðili höfðaði mál á réttum tíma til staðfestingar

kyrrsetningargerðinni og til greiðslu víxilskuldarinnar og fékk dóm. Lét varnaraðili síðan fara fram fjárnám í hinum kyrrsettu eignum. Telja verður, að rétt lög standi til þess, að með því hafi varnaraðili endanlega tryggt sér áður nefndan 8. veðrétt í skipinu á undan veðrétti sóknaraðilja samkvæmt margnefndum veðskuldabréfum, enda hafði enginn annar fjárnáms-hafi komist fram fyrir hann í millitíðinni. Svo sem mál þetta er vaxið og sakir stóðu, verður eigi talið, að varnaraðili geti á nokkurn hátt verið bundinn við aðgerðir starfsfólks í þinglýsingardeild bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði viðvíkjandi skráningu og breytingu skráningar veða beggja aðilja. Eigi heldur uppboðsdómur, enda þessar aðgerðir tæpast eiginlegar dómsathafnir, þegar allt kemur til alls og svo sem að verki virðist hafa verið staðið. Í þessu sambandi er athugavert, að skjöl varðandi skipið berast ekki til Hafnarfjarðar frá Vestmannaeyjum fyrr en um eða eftir mánaðamót júní og júlí 1976. Af þessum sökum hefur ekki verið hægt að færa nokkuð um áhvílandi veð í skipinu, fyrr en eftir að upplýsingar um þinglýst veð í Vestmannaeyjum lágu fyrir. Af þessu má ráða með vissu, að tilgreindir innritunardagar veðbréfa sóknaraðilja, þ. e. 21. apríl 1976 og síðan 18. júní 1976, geta ekki verið réttir.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið sagt, verður fallist á það með varnaraðilja, að með þinglýsingu lögaldsgerðarinnar í Vestmannaeyjum 11. júní 1976 hafi hann öðlast 8. veðrétt í nefndu skipi á undan veðréttindum sóknaraðilja samkvæmt umræddum veðskuldabréfum og síðan hafi veðrétturinn verið endanlega staðfestur með eftirfarandi dómi og fjárnámi til fullnustu hans og geti hinar ýmsu aðgerðir starfsfólks við þinglýsingardeild bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði varðandi skráningu veða aðilja hér engu um breytt.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu varnaraðilja til greina og úrskurða, að úthluta beri eftirstöðvum uppboðsandvirðis m/b Særúnar, HF 60, gkr. 4.151.376, upp í kröfu hans.

Eftir þesum úrslitum ber að leggja málskostnað á sóknaraðilja, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Ólafur St. Sigurðsson setuuppboðshaldari kvað upp úrskurð þennan. Vegna mikilla anna dómara við önnur dómstörf í embætti sínu hefur úrskurður eigi orðið upp kveðinn fyrr.

Á l y k t u n a r o r ð:

Úthluta skal eftirstöðvum uppboðsandvirðis m/b Særúnar, HF 60, gkr. 4.151.376, upp í uppboðskröfu varnaraðilja, Sveinbjörns Árnasonar h/f.

Sóknaraðili, Höfn h/f, Siglufirði, greiði varnaraðilja kr. 8.000.00

í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. júní 1983

Nr. 63/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Elmari Vestmann Guðmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 2. mars 1983. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að staðfest verði sakarmat héraðsdóms, en jafnframt gerð krafa um þyngingu viðurlaga.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 16. maí sl.

Ákærða var birt ákæra í máli þessu á dómþingi 26. febrúar 1980. Var þá einnig tekin skýrsla af honum fyrir dómi. Dómþing voru síðan háð í málinu og skýrslur teknar af vitnum 17. apríl 1980 og 12. mars 1981.

Ákærða var skipaður verjandi 15. júlí 1982, og barst dómaranum vörn hans 14. september. Málið var næst tekið fyrir 9. desember. Auk varnarinnar var þá lagður fram vettvangsuppdráttur, myndir af vettvangi og myndir af bifreiðinni S 1394, eins og hún var eftir slysið. Þá var Bjarni Magnússon lögregluþjónn yfirheyrður sem vitni. Málið var svo dómtekið 15. desember s. á. og dómur kveðinn upp 28. s. m.

Það er meginregla við meðferð opinberra mála, að sökunauti sé gefinn kostur á að kynna sér öll gögn, sem fram koma í máli á hendur honum, og tjá sig um þau, sbr. 78. gr. og 1. mgr. 87. gr. laga